



A 1699/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit þekkingar- og menningarnefndar um  
**þingmannatillögu um norræna námsstyrki fyrir nemendur utan ESB**

**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1699/kultur um norræna námsstyrki fyrir nemendur utan ESB.

**Bakgrunnur**

Þekkingar- og menningarnefndin fjallaði í fyrsta sinn um þingmannatillögu flokka-hóps miðjumanna um *norræna námsstyrki fyrir nemendur utan ESB* (A 1699/kultur) á fundi sínum í janúar 2017. Nefndin ræddi á fundinum í apríl 2017 drög að nefndaráliti og ákvað að breyta tillöguliðnum á þá leið að beina tilmælum til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar um að setja á fót styrktarsjóði í löndunum fyrir námsfólk frá þriðju löndum. Nefndin ræddi á sumarfundinum 2017 ný drög að nefndaráliti og ákvað að senda skriflega fyrirspurn til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvaða aðgerðir eru hafnar/ráðgerðar til að laða að námsfólk frá þriðju löndum?
- Hefur verið ráðist í eða eru ráðgerðar sértækar aðgerðir til að auka aðdráttar-afl landanna til náms fyrir námsfólks frá þróunarlöndum?
- eru fyrir hendi eða eru ráðgerð styrkjakerfi fyrir námsfólk frá þriðju löndum?
- Er rætt um möguleika á að veita námsfólki að námi loknu dvalarleyfi í 6–12 mánuði til að veita því tækifæri til atvinnuleitar í löndunum?

Svör ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar bárust 26. september 2017 (<http://www.norden.org/da/nordisk-raad/sager-og-dokumenter/spoergsmaal-og-svar/e-17-2017-1>) við skriflegri fyrirspurn nefndarinnar. Í svörunum kemur fram að:

Í Finnlandi hefur verið mótuð framtíðarsýn um alþjóðavæðingu æðri menntunar og rannsókna og tekna saman leiðbeiningar um hvernig auka má sýnileikann í Evrópu og víðar um heim. Finnar styrkja með áætluninni HEI ICI (Higher Education Institutions Institutional Cooperation Instrument) samstarfsverkefni háskóla í Finnlandi og þróunarlöndum í þeim tilgangi að efla æðri menntun í þróunarlöndunum. Sumir háskólar vinna sérstaklega að því að laða að námsfólk frá þróunarlöndunum. Í



Finnlandi voru skólagjöld fyrir námsfólk frá þriðju löndum innleidd í ágúst 2017. Skólagjöldin skulu nema a.m.k. 1.500 evrum á námsári en háskólarnir ákveða sjálfir upphæðina. Háskólarnir skulu veita námsstyrki til þurfandi námsfólks frá þriðju löndum. Í Finnlandi hefur verið skipaður vinnuhópur sem á að fylgjast með og meta áhrif innleiðingar skólagjalda og umræddra styrkjakerfa. Vinnuhópurinn á að skila skýrslu til menntamálaráðuneytisins í september 2018. Námsfólk fær að námi loknu tímabundið dvalarleyfi í eitt ár til atvinnuleitar.

Í Svíþjóð voru skólagjöld innleidd 2011. Samtímis setti ríkið á laggirnar styrkja-áætlanir, fyrir afburðanemendur óháð upprunalandi (um 60 milljónir sænskra króna), og fyrir námsfólk frá þróunarlöndum (150 milljónir sænskra króna). Ýmsar opinberar stofnanir sjá um að kynna sænska háskólamenntun á erlendum vettvangi. Menntastofnanir sjá sjálfar um að markaðssetja sig erlendis. Sendiskrifstofur erlendis koma einnig þar að málum. Menntamálaráðuneytið, atvinnumálaráðuneytið og umhverfismálaráðuneytið tóku upp sameiginlega fjármögnun í janúar 2017 á sendifulltrúum nýsköpunar- og rannsóknamála erlendis í því skyni að tengja Svíþjóð betur við mikilvæg alþjóðleg umhverfi á sviði menntamála, rannsókna og nýsköpunar. Í Svíþjóð hefur verið skipuð nefnd sem á að vinna tillögur að öflugu kerfi fyrir skráningar- og skólagjöld, nýliðun, inntöku, skoðun dvalarleyfa og móttöku námsfólks sem þarf er að greiða gjöld. Lokaskýrsla nefndarinnar er væntanleg í október 2018. Námsfólk fær að námi loknu dvalarleyfi í sex mánuði.

Í Danmörku eru það einkum menntastofnanirnar sjálfar sem standa að markaðssetningu erlendis og undirrita samninga við erlendar menntastofnanir um námsmannaskipti. Í Danmörku er það rannsókn- og menntamálastofnunin (Styrelsen for Forskning og Uddannelse) fyrir hönd menntamála- og rannsóknaráðuneytisins sem sér um að markaðssetja Danmörku sem námsland, einkum í þriðju löndum. Ráðuneytið rekur ásamt utanríkisráðuneytinu sjö nýsköpunarmiðstöðvar í þriðju löndum en hlutverk þeirra er m.a. að laða námsfólk til Danmerkur. Ráðuneytið er með hagvaxtarráðgjafa á sínum snærum í Víetnam, Suður-Afríku og Tyrklandi og eiga þeir m.a. að stuðla að hreyfanleika námsfólks. Árlega verja Danir tiltekinni upphæð í fjárlögum (48 milljónum danskra króna á árinu 2018) til ókeypis vistar og styrkjakerfa fyrir námsfólk frá þriðju löndum. Ráðuneytið hefur gert tvíhliða samninga um námsmannaskipti við mikilvæg þriðju lönd, t.a.m. Kína, Suður-Kóreu og Bandaríkin. Þá starfar sértækur sjóður fyrir námsfólk frá þróunarlöndum (30 milljónir danskra króna á árinu 2018). Námsfólk getur að námi loknu sótt um dvalarleyfi til að koma undir sig fótunum í Danmörku. Leyfið er veitt að hámarki í tvö ár.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Í svörum ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar kemur fram að öll löndin, bæði stjórnvöld og stofnanir, leitast við að laða til sín námsfólk frá þriðju löndum. Svíar, sem tóku upp skólagjöld á árinu 2011, hafa skipað nefnd til at kanna áhrifin af innleiðingu skólagjalda. Í Finnlandi voru skólagjöld innleidd haustið 2017 og verður fylgst náið með því sem þau kunna að hafa. Í öllum löndunum þremur eru styrkjakerfi á vegum ríkisins og eins sértækar aðgerðir og styrkjaáætlanir fyrir námsfólk frá



þróunarlöndum. Í öllum þremur löndum er hægt að sækja um dvalarleyfi að loknu námi til koma undir sig fótunum.

Á grundvelli þeirra svara sem borist hafa frá ríkisstjórnnum Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar er það álit þekkingar- og menningarnefndarinnar að Norðurlandaráð eigi ekki að aðhafast neitt frekar vegna þingmannatillögu A 1699/kultur um norræna námsstyrki fyrir nemendur utan ESB, þar sem lagt var til að ríkisstjórnir Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands kæmu á fót styrkjakerfum í löndunum fyrir nemendur frá löndum utan ESB.

Helsinki, 31. október 2017

*Annette Lind (S)*  
*Aron Emilsson (SD)*  
*Elsi Katainen (cent)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*  
*Jorodd Asphjell (A), formaður*

*Kelly Berthelsen (IA)*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Ole André Myhrvold (Sp)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*